Nemendur í búvísindum líta einnig við í ákveðnum áföngum sem og þau fá aðstöðu og gögn til að vinna að verkefnum og lokaverkefnum sínum. Mest áberandi var viðamikild verkefni sem tengdist stærð og vexti hjá kálfum að fjögurra mánaða aldri og má vænta niðurstaða nú í maí 2018. Einnig hafa starfsmenn búsins gert mælingar á broddi og safnað sýnum og tók nemandi í búvísindum það að sér seint að hausti 2017 að vinna lokaverkefni úr þeim gögnum. Önnur verkefni sem má nefna er athugun á hnislum í uppeldi, mælingar á stærð gripa, gögn til rekstrargreininga sbr. við önnur bú o.s.frv. Mikil sóknartækifæri eru í þessum efnunum og má minna á að gríðarleg gagnaöflun fer fram á hverjum degi sem hægt væri að vinna upp úr. Jarðræktarhópur Lbhí hefur líka átt skemmtilegt og gjöfult samstarf við búíð á árinu 2017 og útlit fyrir enn meira samstarf á því sviði.

Lokaorð

Búinu hefur hlotnast ýmsar viðurkenningar frá félagsskapi bænda síðustu misseri, einkum fyrir afurðasemi búsins og afurðamiklar kýr. Núna í byrjun apríl 2018 á fagþingi nautgriparæktarinnar hlaut búíð viðurkenningu fyrir Úranus 10081 sem besta kynbótanautið fætt 2010. Nautastöð Bændasamtaka Íslands veitti verðlaunin. Upplýsingar um hann má nálgast á www.nautaskra.net en hann ber einkum af í eiginleikum fyrir mjólkurmagn, afurðir, gæðaröð og mjaltir.



Mynd 1 – niðurstöður fjögurra brjóstmálmælinga á uppeldi.

Áhugasölki um búreksturinn er bent á að leita að Hvanneyrarbúinu á facebook. Því miður er ekki hægt að birta lykiltölur úr ársreikningi 2017 en áhugasömum er bent á að ársreikninga og fundargerðir má sjá inn á heimasíðu Lbhí. http://www.lbhi.is/hvanneyrarbuid_ehf_fundargerdir

Bygg (125-17)

Hrannar Smári Hilmarsson

Í þessu verkefni eru gerðar tilraunir með íslenskan kynbótaefnivið, erlend byggafbrigði, sem hugsanlegt er að nota hérlendis og að auki ýmsa þætti sem varða ræktun byggs. Í ár voru gerðar tilraunir með samanburð á byggyrkjum á sjö stöðum á landinu. Að auki var vaxtartregðuefnið Moddus Start prófað í bygg akri í Gunnarsholti

Tilraun nr. 125-17. Samanburður á byggyrkjum
Samanburður byggyrkja hefur tvönnan tilgang. Annars vegar er leitað eftir nýjum erlendum yrkjum, sem að gagni gætu komið í íslenskri kornrækt og hins vegar eru íslenskar kynbótalínur reyndar í sömu tilraunum og erlendu yrkin. Í ár voru í tilraunum 14 erlend yrki, 4 kynbótalínur erlendar, 1 yrki íslenskt og 13 íslenskar kynbótalína, alls 36 liðir í 3 endurtekningum.

Sáð var í byggyrkjatilraunir á átta stöðum en skornar voru sjö tilraunir:

- Hvanneyri í Andakíl
- Vindheimum í Skagafirði
- Möðruvöllum í Hörgárdal
- Hálsi í Kaldakinn
- Engihlíð í Vopnafirði
- Hoffelli í Hornafirði
- Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum
- Gunnarsholti á Rangárvöllum

Sáð var með raðsáðvél í allar þessar tilraunir og áburður felldur niður með fræi. Sáðmagn var 200 kg/ha og reitastærð 10 m². Tilraunirnar voru skornar með þreskivél. Ekki var skorið að Hálsi vegna þess hve illa tilraunin fór í metrigningum snemmsumars. Uppskeyra er mæld á staðnum. Sýni tekið til þess að ákvarða þurrefni. Sýni er sett í þurrkofn og geymt þar til það hættir að léttast. Hvort það sé 100% þurrt skal ekki fullyrt hér. Við mælingu þúsundkornabyngdar var notuð frætalingavél og voru ~500 fræ talin til vigtunar

úr hverju sýni. Hálmur var vigtaður úr aðeins einni endurtekningu í hverri tilraun.

Skorið var í vætu á Þorvaldseyri og útskýrir það lágt þurrefnsihlutfallið úr þeirri tilraun.

Tilraunirnar voru allar jafnstórar og sömu yrkin í öllum tilraunum. Reitir voru hvarvetna 96, samreitir 3 og tilraunaliðir 32, samtals 672 reitir skornir.

Sáðkorn af yrkjunum 12 var allt ræktað erlendis, sömuleiðis af útlendu kynbótalínunum og þeim íslensku línunum þar sem x stendur framan við töluna. Sáðkorn af 3 íslenskum línunum var heimaræktað á Korpu 2016 og þykir ljóst að það jafnast ekki á við innflutt sáðkorn að gæðum, en það má sjá á línunum Uglya, Teista og Skúmur III.

Niðurstöður tilrauna eru settar upp í sjö töflur, eina fyrir hvern tilraunastað. (sjá næstu síður).

Hvanneyri. Sáð: 5.5.2017. Skorið: 7.10.2017. Áburður 45 kgN/ha af 15-7-12

Arfgerð	Raðir	Uppskeyra (t þ.e./ha)	Þúsundkorna- þyngd (g)	Þurrefni korns	Hæð (cm)	Hálmur (t/ha)	Hálmur (t þ.e./ha)	Þurrefni hálmis
Jalmari	6	7,6	33,2	62%	88,7	10,8	3,8	35%
SWA14543	6	7,2	33,6	57%	86,7	12,0	4,8	40%
Wolmari	6	7,1	34,4	60%	85,7	12,8	4,2	33%
334-3	6	7,1	35,8	64%	95,0	9,9	5,0	51%
06-120:11	6	7,1	38,5	60%	96,3	10,9	4,7	43%
292-2	6	6,8	34,9	63%	98,3	12,0	4,3	35%
Aukusti	6	6,5	35,6	58%	94,3	9,8	3,8	38%
332-15	6	6,5	34,8	60%	87,0	9,8	4,6	47%
342-42	6	6,5	36,4	64%	86,7	10,4	4,5	43%
GN12027	6	6,2	32,1	59%	87,3	14,6	6,1	42%
Brage	6	6,1	34,7	62%	81,3	13,6	6,2	46%
335-8	6	6,0	36,2	67%	93,7	7,8	3,4	43%
Olsok	6	5,8	35,0	58%	91,7	12,3	4,1	33%
Tiril	6	5,8	36,2	60%	87,3	7,4	3,0	40%
329-14	6	5,8	37,7	59%	89,3	6,9	2,5	36%
Arve	6	5,7	30,9	53%	99,3	10,4	4,0	39%
06-72:1	6	5,4	36,2	61%	92,3	6,0	2,4	40%
Elmeri	6	5,3	34,4	56%	91,7	9,2	3,5	38%
05-59:4	2	5,2	35,2	56%	82,7	14,4	5,3	37%
Kría	2	5,0	34,7	57%	77,0	11,7	4,4	38%
Judit	6	4,9	34,5	61%	80,7	6,8	2,5	37%
292-51	6	4,7	31,7	51%	66,0	8,4	3,0	36%
Teista	2	4,6	31,6	58%	91,3	17,0	6,2	36%
Kannas	2	4,4	36,1	51%	84,3	11,9	4,3	36%
Arild	2	4,4	33,8	51%	84,0	9,5	3,2	34%
SWA11019	2	4,2	40,8	55%	85,3	9,8	3,2	32%
Mitja	2	3,9	33,8	51%	83,7	13,4	5,2	39%
SWA13048	2	3,8	33,1	48%	82,0	13,3	4,6	35%
Filippa	2	3,5	36,8	51%	80,7	14,8	5,6	38%
Saana	2	3,1	30,7	46%	78,7	13,3	4,3	32%
Ugla	2	3,0	34,1	57%	65,7	8,4	3,6	43%
Skúmur III	6	1,8	30,2	47%	51,7	6,7	2,2	32%

Gunnarsholt. Sáð: 7.5.2017. Skorið: 5.10.2017. Borið á 90kgN/ha af 15-7-12

Arfgerð	Raðir	Uppskeyra (t þ.e./ha)	Þúsundkorna- þyngd	Þurrefni korns	Hæð (cm)	Hálmur (t/ha)	Hálmur (t þ.e./ha)	Þurrefni hálmis	Brot
Wolmari	6	5,6	33,2	64%	85	9,0	4,2	47%	
334-3	6	5,5	34,5	68%	90	8,5	3,9	47%	
GN12027	6	5,5	34,4	61%	85	9,2	3,8	41%	
342-42	6	5,4	34,8	67%	91	7,6	3,7	48%	10%
SWA14543	6	5,3	34,3	68%	86	9,1	3,7	40%	
Brage	6	5,3	33,6	66%	88	8,4	3,7	44%	
Jalmari	6	5,1	35,2	67%	94	7,5	3,3	44%	10%
Aukusti	6	5,0	36,1	66%	93	8,5	3,5	41%	10%
332-15	6	5,0	34,9	68%	86	6,8	3,3	49%	
292-51	6	4,9	32,1	61%	57	5,7	2,6	46%	
329-14	6	4,9	33,7	68%	90	8,3	4,0	49%	
06-120:11	6	4,8	35,9	68%	106	8,9	3,9	43%	15%
Tiril	6	4,8	34,7	66%	94	9,1	3,6	40%	
Elmeri	6	4,6	37,0	63%	87	8,1	3,3	40%	10%
292-2	6	4,6	34,6	68%	94	8,7	3,8	44%	
Kría	2	4,5	38,2	69%	74	9,8	3,9	40%	
06-72:1	6	4,4	34,5	66%	88	7,8	3,8	49%	30%
Judit	6	4,4	32,9	67%	82	6,9	3,5	50%	20%
Arve	6	4,2	36,6	66%	91	7,9	3,5	44%	10%
SWA13048	2	4,2	40,0	56%	78	6,9	2,9	43%	
Olsok	6	4,2	34,0	64%	98	7,8	3,5	45%	
Arild	2	4,1	42,2	62%	85	11,2	4,3	39%	
Saana	2	4,1	40,4	57%	80	9,8	3,9	40%	
335-8	6	4,0	33,1	71%	90	6,3	3,4	53%	23%
05-59:4	2	3,9	37,0	66%	78	10,0	4,2	42%	
Kannas	2	3,9	41,3	60%	82	11,3	4,8	43%	
Skúmur III	6	3,8	31,3	59%	61	6,8	2,5	37%	
Mitja	2	3,6	40,2	60%	81	9,7	3,7	38%	
SWA11019	2	3,6	41,6	66%	93	8,7	4,0	46%	
Teista	2	3,5	34,7	65%	84	9,4	4,3	45%	
Filippa	2	3,2	42,4	59%	80	8,9	3,9	44%	
Ugla	2	3,0	39,3	65%	61	8,0	3,6	44%	

Hoffell. Sáð: 25.4.2017 Skorið: 8.9.2017. Áburður 120kg N/ha af 15-7-12

Arfgerð	Raðir	Uppskera (t þ.e./ha)	Þúsundkorna- þyngd (g)	Þurrefni korns	Hæð (cm)	Hálmur (t/ha)	Hálmur (t þ.e./ha)	Þurrefni hálmis
Elmeri	6	4,5	34,2	56%	66,0	4,6	2,0	44%
292-51	6	4,3	35,4	62%	47,7	3,1	1,7	55%
332-15	6	4,3	35,5	63%	64,7	3,6	1,7	48%
06-120:11	6	4,2	36,2	67%	74,0	4,4	2,1	48%
342-42	6	4,0	36,0	69%	71,0	5,4	2,4	45%
GN12027	6	4,0	33,1	62%	63,0	4,4	2,0	46%
Wolmari	6	3,9	34,6	61%	66,3	3,9	1,9	48%
Aukusti	6	3,9	36,0	59%	69,7	4,7	2,2	46%
Jalmari	6	3,9	36,7	60%	67,0	4,8	2,2	45%
SWA14543	6	3,9	33,3	68%	68,3	4,3	2,1	48%
334-3	6	3,9	36,5	67%	61,0	3,6	1,7	48%
Brage	6	3,8	33,5	64%	70,7	5,3	2,4	45%
292-2	6	3,6	34,9	62%	66,0	5,2	2,5	48%
SWA13048	2	3,6	37,9	55%	67,3	7,7	3,2	41%
335-8	6	3,6	35,4	71%	69,3	4,7	2,5	53%
329-14	6	3,4	35,5	66%	68,7	5,1	2,3	45%
Judit	6	3,3	33,6	63%	63,0	5,0	2,2	44%
SWA11019	2	3,3	41,3	54%	70,7	6,7	3,0	44%
Arve	6	3,2	33,9	60%	74,3	4,4	2,0	45%
Tiril	3	3,2	34,5	59%	70,0	5,2	2,4	45%
Kannas	2	3,1	37,7	58%	63,3	7,0	3,0	43%
05-59:4	2	3,1	37,2	63%	62,0	5,8	2,3	40%
Olsok	6	3,1	34,7	58%	68,7	3,7	1,6	44%
Kría	2	3,0	35,7	62%	60,3	4,0	1,8	45%
Saana	2	2,9	38,8	55%	66,0	6,9	3,0	44%
Teista	2	2,9	29,5	60%	68,3	6,2	2,9	47%
Arild	2	2,9	39,4	56%	63,7	6,4	2,7	43%
06-72:1	6	2,9	33,2	64%	65,3	4,3	2,2	50%
Filippa	2	2,8	40,3	56%	65,7	6,7	3,0	44%
Mitja	2	2,5	35,9	57%	65,7	5,3	2,4	46%
Ugla	2	1,8	35,5	60%	55,0	4,1	2,2	56%
Skúmur III	6	1,0	27,7	50%	44,7	2,4	1,0	43%

Möðruvellir. Sáð: 4.5.2017. Skorið: 22.9.2017. Borið á 60 kgN/ha af 15-7-12.

Arfgerð	Axgerð	Uppskeyra (t þ.e./ha)	Þúsundkornþyngd (g)	Þurrefni korns	Hæð (cm)	Hálmur (t/ha)	Hálmur (t þ.e./ha)	Þurrefni hálms	Lega (0-10)
Wolmari	6	7,5	32,8	61%	98,3	12,6	4,1	33%	7.0
Aukusti	6	7,2	32,3	62%	103,3	17,8	6,3	35%	6.3
342-42	6	7,1	31,9	41%	98,0	13,3	4,5	34%	3.0
GN12027	6	7,1	30,8	62%	98,3	15,5	5,2	34%	0.7
SWA14543	6	7,0	31,8	39%	97,7	20,4	5,7	28%	7.7
06-72:1	6	6,7	34,7	68%	97,7	12,0	4,6	39%	0.7
334-3	6	6,5	34,3	44%	97,7	10,9	4,8	45%	5.7
Brage	6	6,5	40,6	61%	102,3	13,7	6,5	47%	6.0
292-2	6	6,3	31,3	64%	100,7	13,7	7,5	55%	3.3
292-51	6	6,3	28,4	53%	77,0	10,9	3,7	34%	0.0
329-14	6	6,2	34,2	66%	103,3	19,6	8,7	44%	7.0
332-15	6	6,2	30,9	63%	100,7	14,9	7,1	47%	7.0
Tiril	6	6,1	30,5	62%	96,7	13,3	5,0	38%	5.0
06-120:11	6	6,0	33,8	59%	105,7	16,0	5,1	32%	8.0
Jalmari	6	5,9	34,6	61%	98,3	14,4	5,4	38%	4.3
Judit	6	5,7	32,8	62%	100,0	14,9	4,9	33%	7.7
Olsok	6	5,7	27,0	59%	106,7	19,6	6,2	31%	8.0
Elmeri	6	5,6	34,8	52%	93,3	17,9	5,2	29%	7.3
335-8	6	5,5	32,4	66%	103,3	20,7	7,9	38%	8.7
Kría	2	5,3	29,0	60%	91,0	18,3	6,3	34%	3.3
SWA11019	2	5,0	28,3	56%	96,0	22,1	7,2	33%	6.0
Arve	6	4,8	36,1	54%	98,3	19,1	5,9	31%	6.7
Arild	2	4,6	34,4	54%	95,0	21,8	6,7	31%	1.3
Kannas	2	4,6	33,3	53%	87,3	21,2	7,2	34%	1.7
05-59:4	6	4,4	33,6	57%	79,0	21,8	7,4	34%	2.3
Filippa	2	4,4	33,2	54%	94,3	20,3	6,9	34%	1.0
Mitja	2	4,4	32,7	36%	85,0	19,7	6,6	33%	0.7
SWA13048	2	4,4	31,7	52%	80,0	14,8	5,0	34%	0.0
Teista	2	4,0	34,5	54%	96,7	25,9	8,3	32%	6.3
Saana	2	3,9	37,8	46%	83,3	17,6	5,7	32%	0.0
Ugla	2	3,3	30,7	55%	61,7	15,5	5,6	36%	0.0
Skúmur III	6	2,3	26,1	48%	70,0	11,1	3,3	30%	0.0

Vindheimar. Sáð: 4.5.2017. Skorið: 12.9.2017. Áburður 120 kgN/ha af 15-7-12

Arfgerð	Axgerð	Uppskeyra (t þ.e./ha)	Þúsundkornþyngd (g)	Hæð cm	Þurrefni korns	Hálmur (t/ha)	Hálmur (t þ.e./ha)	Þurrefni hálmis
05-59:4	2	3,9	36,1	87,3	59%	10,1	3,7	37%
06-120:11	6	5,0	39,1	95,3	68%	7,1	4,1	57%
06-72:1	6	5,6	36,1	98,7	74%	7,8	3,5	45%
292-2	6	5,4	34,1	94,7	67%	8,6	3,9	45%
292-51	6	4,7	32,0	60,3	55%	10,9	3,3	30%
329-14	6	4,7	35,8	94,3	70%	4,4	1,8	40%
332-15	6	5,1	35,8	90,0	65%	6,2	2,5	40%
334-3	6	5,4	36,2	90,7	65%	9,6	3,9	41%
335-8	6	4,6	34,8	97,7	73%	8,5	3,3	39%
342-42	6	4,9	36,6	97,0	63%	12,5	4,8	39%
Arild	2	4,3	36,1	99,7	54%	18,0	6,3	35%
Arve	6	3,9	35,0	94,7	64%	6,5	2,5	38%
Aukusti	6	5,0	35,9	96,0	67%	7,5	3,4	46%
Brage	6	5,5	35,1	88,3	69%	10,7	4,6	43%
Elmeri	6	4,4	32,7	98,0	57%	14,4	5,1	36%
Filippa	2	2,4	37	73,7	53%	9,7	4,2	43%
GN12027	6	5,6	32,4	89,0	61%	12,1	4,7	39%
Jalmari	6	6,1	35,2	93,7	66%	12,7	6,1	48%
Judit	6	4,7	34,1	83,0	67%	7,6	3,3	43%
Kannas	2	4,0	37,6	92,0	57%	12,9	5,2	40%
Kría	2	4,5	37,4	84,0	64%	9,4	3,8	40%
Mitja	2	3,5	35,2	88,3	54%	11,7	4,0	35%
Olsok	6	3,9	35,8	86,0	66%	4,4	2,1	47%
Saana	2	2,7	32,3	75,3	54%	17,5	6,0	34%
Skúmur	6	2,7	27,7	73,7	52%	8,2	3,4	42%
SWA11019	2	4,5	42,5	92,7	60%	12,4	4,8	38%
SWA13048	2	3,6	34,5	78,0	52%	17,7	6,0	34%
SWA14543	6	5,4	34,5	91,7	64%	9,1	3,4	37%
Teista	2	4,9	37,4	89,7	68%	9,7	4,4	45%
Tiril	6	4,2	33,6	85,0	69%	8,3	3,2	38%
Ugla	2	3,1	35,0	63,0	60%	8,7	5,5	63%
Wolmari	6	5,7	33,8	82,7	74%	9,4	3,9	42%

Engihlíð. Sáð 30.4.2017. Skorið: 26.9.2017. Borið á 80kgN/ha af 15-7-12

Arfgerð	Axgerðir	Uppskera (t þ.e./ha)	Þúsundkornþyngd (g)	Þurrefni korns	Hæð (cm)	Hálmur (t/ha)	Hálmur (t þ.e./ha)	Þurrefni hálms
SWA14543	6	5,9	32,7	53%	73,3	16,8	4,8	29%
292-51	6	5,7	30,0	52%	95,7	11,5	3,8	33%
Jalmari	6	5,7	32,1	56%	85,3	11,3	4,7	41%
334-3	6	5,5	34,1	58%	75,3	7,9	3,3	42%
342-42	6	5,5	34,6	56%	90,0	12,3	4,9	40%
Wolmari	6	5,3	31,9	54%	77,7	13,9	5,2	37%
06-72:1	6	5,2	35,6	62%	94,0	14,9	5,4	36%
332-15	6	5,1	35,8	57%	80,3	7,7	3,1	39%
Judit	6	5,1	29,7	53%	78,3	8,3	4,5	54%
335-8	6	4,9	33,4	66%	93,3	13,9	5,1	37%
Elmeri	6	4,9	37,8	55%	81,0	11,5	3,6	31%
292-2	6	4,7	35,0	57%	85,7	14,2	4,8	33%
Brage	6	4,7	31,4	54%	90,7	14,9	5,0	34%
05-59:4	2	4,5	34,9	54%	78,3	16,1	5,8	36%
Kría	2	4,5	33,8	54%	91,3	14,8	4,8	33%
Aukusti	6	4,4	34,9	54%	84,3	7,7	2,6	34%
329-14	6	4,3	35,0	57%	82,0	8,4	3,3	40%
Arve	6	4,3	33,7	56%	78,3	14,9	4,9	33%
Mitja	2	4,3	34,5	51%	88,3	23,1	6,9	30%
SWA11019	2	4,3	38,6	49%	89,0	21,2	6,9	32%
GN12027	6	4,2	32,2	55%	78,7	17,6	5,0	28%
Teista	2	4,1	32,6	53%	73,3	18,6	6,5	35%
Tiril	6	4,1	34,3	54%	77,3	15,8	5,3	33%
Arild	2	3,9	33,7	49%	75,0	20,4	5,5	27%
SWA13048	2	3,9	33,0	45%	82,0	14,1	6,0	43%
06-120:11	6	3,8	35,1	58%	78,7	10,9	3,9	36%
Filippa	2	3,8	38,9	48%	77,3	17,0	6,0	35%
Kannas	2	3,8	36,4	51%	77,0	22,8	8,1	35%
Olsok	6	3,8	34,9	55%	94,0	9,2	3,5	38%
Saana	2	3,8	31,6	44%	85,7	16,1	5,9	37%
Skúmur III	6	3,6	28,9	51%	86,3	14,8	4,6	31%
Ugla	2	2,8	34,9	55%	81,7	15,0	5,2	34%

Sjúkdómar í byggi

Magnus Göransson

Sem hluti af samnorrænna forkynbótaverkefnið (Pre-breeding) í vorbyggi voru 127 línur af samvixluðum stofni vorbyggs með breytilegt þol gegn *Rhynchosporium secalis* sáð á Korpu í Reykjavík. Sáðdagur var 31. maí 2017 og sáð var í s.k. hillplots með 20 sm millibili (sem

seinna reyndist of þétt). Borið á var sem samsvaraði 50 kg N ha⁻¹ viku eftir sáningu. Skráð var, auk sjúkdómsþols, skriðdagur og hæð. Niðurstöðurnar mun nýtast til að finna erfðamörk fyrir mótstöðugen gegn *Rhynchosporium* sveppasmiti.

Hafrar

Magnus Göransson

Sex yrki af höfrum var sáð 9. maí 2017 á Korpu í Reykjavík. Borið var á því sem samsvarar 50 kgN/af N-P-K 15-7-12 við sáningu. Metin var skriðdagur og var Dovre fljótasti yrkið sem skreið 70 daga frá sáningu fylgt af Avetron (73), Haga (74), Akseli (75), Cilla (75), og Ringsaker (75). Dovre var fljótast að ná þroska, u.þ.b. 107 daga frá sáningu, með Haga sem seinasta yrkið að ná þrosku u.þ.b. 120 daga eftir sáningu. Skorið var 3. okt 2017, sem var rúmlega tveimur vikum eftir að öll yrki höfðu náð þroska. Uppskeyra er gefin upp í hektókilógrömm þurrefnis á

hektara. Þúsundkornþyngd er gefin upp í grömmum.

Hafrauppskera að Korpu

Arfgerð	Uppskeyra (t/ha)	Þúsundkornþyngd (g)	Skrið (dagar frá sáningu)
Haga	3.4	31.8	74.3
Ringsaker	2.9	29.6	75.0
Avetron	2.7	31.2	73.3
Cilla	2.5	31.7	74.7
Akseli	2.4	30.9	74.7
Dovre	1.5	29.3	70.0

Vetrarkorn

Magnus Göransson

Árið 2017 var sáð í tilraun að Korpu þar sem í prófun eru 5 yrki af vetrarhveiti og 1 af vetrarrúg. Hveitirykin voru Mjólnir, Brons, Urho, Arktika, og Kuban, og rúgyrkið var Reetta. Sáð var 25. júlí 2017 og borið á sem samsvarar 40 kg N-1. Sáð var 20 g hveitifráe per

fermeter og 15 g rúgfræe per fermeter í reitir 8 m x 1.2 m í þremur endurtekningar. Enga mælingar foru fram 2017 en vorið 2018 verður metið vetrarþol og skorið haustið 2018.

Inkakorn

Jón Hallsteinn Hallsson

Vorið 2017 voru framkvæmdar prófanir á inkakorni (*Chenopodium quinoa* Willd.) á tilraunastöð LbhÍ að Korpu. Inkakorn hefur áður verið prófað þar en með misjöfnum árangri. Prófanir nú snéru að því að skilja betur mikilvægi sáðtíma, áburðargjafar og sáðmagns

auk þess sem prófanir fóru fram með forsáningu í potta. Niðurstöðurnar eru mikilvægur liður í áframhaldandi prófunum á inkakorni við íslenskar aðstæður. Niðurstöður prófana voru gerð góð skil í Rannisskýrslu nemenda sem má nálgast á vefsíðunni www.korn.is.

Jarðarber 2016 - 2017

Christina Stadler

Vetrarræktun í gróðurhúsum á Íslandi er algjörlega háð aukalýsingu. Viðbótarlýsing getur því lengt uppskerutímamann og komið í stað innflutnings að vetri til. Fullnægjandi leiðbeiningar vegna vetrarræktunar á everbearers eru ekki til staðar og þarfnast frekari þróunar. Markmiðin voru að prófa, hvort ljósstyrkur hefði áhrif á vöxt, uppskeru og gæði yfir hávetur á junebearers og everbearers og hvort það væri hagkvæmt.

Rannsóknarverkefnið var unnið í samvinnu við garðyrkjuráðunauta og jarðarberjabændur. Verkefnið hefur notið stuðnings Sambands garðyrkjubænda og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Verkefnisstjóri er Christina Stadler.

Gerð var jarðarberja tilraun með junebearers (*Fragaria x ananassa* cv. Sonata) og everbearers (*Fragaria x ananassa* cv. Delizzimo) frá lok október 2016 til lok febrúar 2017 í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum. Jarðarber voru ræktuð í 5 l pottum í sex endurtekningum með 12 plöntum/m² (Sonata) eða 6 plöntum/m² (Delizzimo) undir topplýsingu frá háþrýsti-natríumlömpum (HPS) með tvenns konar ljósstyrk (150 W/m² og 100 W/m²) að hámarki í 16 klst. Daghitin var 16 °C og næturhitin 8 °C, CO₂ 800 ppm. Jarðarberin fengu næringu með dropavökvun. Áhrif ljósstyrks var prófuð og framlegð reiknuð út.

Það tók 1-2 daga frá blómgun til frjóvgunar. Ávextir voru þroskaðir á 35 / 45 degi (Delizzimo / Sonata) með hærri ljósstyrk og á 41 / 47 dögum (Delizzimo / Sonata) með minni ljósstyrk. Það virðist vera að meira ljós (150 W/m²) gefi fleiri blóm. Í upphafi uppskerutímabils byrjaði meðferð með hærri ljósstyrk að gefa þroskuð ber af Sonata nokkrum dögum fyrir borið saman við 100 W/m², en það var öfugt fyrir Delizzimo.

Hærri ljósstyrkur hefur jákvæð áhrif á markaðshæfa uppskeru, uppskeran var 9-56 % meiri með Delizzimo og 54-123 % meiri með Sonata. Ástæðan fyrir meiri uppskeru við 150 W/m² var meiri fjöldi jarðarberja.

Mismunur milli ljósstyrkja myndaðist í upphafi uppskeru tímabilsins fyrir Sonata og í miðjuni uppskeru tímabilsins fyrir Delizzimo og munur var lækkaður á síðara uppskerutímabilinu. Þannig fengust 260-340 g/plöntu markaðshæfrar uppskeru með Delizzimo og 330-350 g/plöntu með Sonata við 150 W/m² en 210-240 g/plöntu með Delizzimo og 160-220 g/plöntu með Sonata við 100 W/m². Munurinn var oftast ekki tölfræðilega marktækur hvorki milli ljósstyrkja né milli yrkja. Hins vegar var uppskera af Sonata við 150 W/m² um meira en 100 % hærri (á m²) og við 100 W/m² meira en 45 % hærri (á m²) samanborið við Delizzimo. Hlutfall uppskerunnar sem hægt var að selja var um 90%. Hærra hlutfall illa lagaðra jarðarberja var í Delizzimo samanborið við Sonata.

Sykurinnihald var hærra við 150 W/m² hjá Delizzimo samanborið við 100 W/m² og líka samanborið við Sonata. En fyrir Sonata var engin munur milli ljósstyrk. Hins vegar fannst þessi munur ekki í bragðprófun, en einkunn fyrir bragð var hærri með hærri ljósstyrk samanborið við lægri ljósstyrk fyrir bæði yrki.

Í klefa með 150 W/m² mældist hærri lofthiti, hærri laufhiti og hærri jarðvegshiti samanborið við klefa með 100 W/m². Það getur líka haft jákvæð áhrif á uppskeruna og vöxt plantna. Sveppasýkingar (mjöldögg) varð fyrir vart við lægri ljósstyrk auk þess sem magn af mjöldögg var meira við 100 W/m² samanborið við 150 W/m².

Þegar hærri ljósstyrkur var notaður, þá jókst uppskera með Delizzimo um 0,7 kg/m² (1 % hækkun í ljósstyrk jók uppskeru um 0,18-1,13 %) og framlegð um 300 ISK/m². Við Sonata jókst uppskera við 150 W/m² um 2,3 kg/m² (1 % hækkun í ljósstyrk jók uppskeru um 1,07-2,46 %) og framlegð um 3.700 ISK/m². Hærri rafmagnsgjaldskrá breytir framlegð næstum ekkert. Það skiptir nánast ekki máli hvort gróðurhús er staðsett í þéttbýli eða dreifbýli, framlegð er svipuð, en lítil kostur var fyrir þéttbýli.

Möguleikar til að minnka kostnað, aðrir en að lækka

rafmagnskostnað eru ræddir. Frá hagkvæmnisjónarmiði er mælt með því að nota hærri ljósstyrk og Sonata til að auka uppskeru og framlegð jarðarberja. Notkun af everbearer Delizzimo og komast hjá að skipta um plöntur af junebearers eftir sex vikna uppskeru eru ekki hagstæð og þar með myndu koma áhætta um að ekki

væri hægt að hreinsa gróðurhús þegar meindýr eða sjúkdóma herja á plöntunum.

Sjá nánar í Riti LbhÍ nr. 94: http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/thjonusta/utgefid_efni/RitLbhi/finalreportstrawberry_rit_lbhi_94.pdf

Salat 2016

Christina Stadler

Vetrarræktun í gróðurhúsum á Íslandi er alveg háð aukalýsingu. Viðbótarlýsing getur þá lengt uppskerutímamann og komið í stað innflutnings að vetri til. En að hausti og vetri er erfitt að fá rauðan lit á rautt salat og því eru fullnægjandi leiðbeiningar vegna vetrarræktunar á salat ekki til og þarfnast frekari þróunar. Markmiðin voru að kanna þróun og uppskeru af rauðu salati undir HPS lömpum í samanburði við LED lýsingu (tilraun A) og undir HPS lömpum í samanburði við HPS og LED lýsingu saman (tilraun B) og hvaða meðferð væri hagkvæm.

Rannsóknarverkefnið var unnið í samvinnu við garðyrkjuráðunaut og ylreктarbændur. Verkefnið hefur notið stuðnings Sambands garðyrkjubænda og verkefnisstjóri er Christina Stadler.

Tilraunir með rautt salat (cv. Carmoli) voru gerðar veturinn 2016, frá byrjun október til byrjun nóvember og frá miðjum nóvember til miðs desember, í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum. Plöntur voru ræktaðar í NFT rennu í fjórum endurtekningum undir topplýsingu frá háþrýsti-natríumlömpum (HPS) og / eða undir LED ljósi í 18 klst. Daghliti var einni gráðu meiri í LED klefa í samanburði við HPS klefa og stig af µmol var 27 % hærri við LED í tilraun A. Í tilraun B var stig af µmol og hita (daghliti 19 °C og næturhliti 15 °C) milli meðferðir eins. Salatplöntur fengu næringu með dropavökvun. Plöntuþéttleiki var 68, 40, 28 eða 22 plöntur á fermetra, eftir eina, tvær, þrjár eða fjórar vikur eftir gróðursetningu.

Í tilraun A var uppskera af salati eftir 27 daga meiri hjá plöntum undir HPS ljósi. Uppskera minnkaði um 11 % þegar plöntunum voru ræktað undir LED

ljós skilaði betri rauðum lit á salati. Rafmagnsnotkun var 37 % minni við LED ljós miðað við HPS ljós. Nýting kWh í uppskeru var marktækt hærri samanborið við notkun af HPS ljósi. Einum sólarhring lengra vaxtarskeið væri nauðsynlegt við LED ljós til að fá sömu uppskeru eins og við ræktun undir HPS ljósi. Hins vegar myndi það leiða til örlítið hærri framlegðar.

Í tilraun B var uppskera af salati nánast sambærileg milli notkunar á HPS og LED ljósa og eingöngu með HPS ljósi. Rauði liturinn var aðeins meiri við notkun með bæði HPS og LED ljósum. Uppskera á kWh var nálágst eins milli meðferða og framlegð minnkaði um 50 % miðað við notkun eingöngu með HPS ljósi. Einum sólarhring lengra vaxtarskeið væri nauðsynlegt samhliða notkun á HPS og LED ljósum til að fá sömu uppskeru eins og með ræktun undir HPS ljósi.

Hins vegar eru þessar niðurstöður mjög háðar verði á LED ljósum og þarf því að dæma varlega. Möguleikar til að minnka kostnað, aðrir en að lækka rafmagnskostnað eru ræddir.

Það virðist vera að fullnægjandi rauður litur og á sama tíma góða uppskeru sé ekki hægt að fá við lýsingu með HPS lampar og / eða LED. Frá gæða- og hagkvæmnisjónarmiði er ekki mælt með því að nota LED ljós miðað við núverandi stöðu. Frekari rannsóknir um áhrif LED lýsingu á grænmeti eru þörf. Tilraunir með LED frá mismunandi fyrirtækjum þurfa að fara fram áður en endalegar niðurstöður og ráðleggingar varðandi LED ljósi er hægt að gefa.

Sjá nánar í Riti LbhÍ nr. 74: http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/thjonusta/utgefid_efni/RitLbhi/rit_lbhi_nr_74.pdf

Prófun á stofnum af rýgresi, Korpu (948-14).

Bóroddur Sveinsson

Tilraun nr. 948-14.

Norrænt samvinnuverkefni undir merkjum PPP, *Public-Private Partnership for Pre-breeding in perennial ryegrass*. Í verkefninu hefur verið safnað saman 334 stofnum af fjölæru rýgresi af ólíkum uppruna. Einstaklingar úr þessum stofnum hafa nú þegar verið bæði svipgerðar- og arfgerðargreindir. Vorið 2014 var völdum stofnum sáð út í tilraunareiti í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Íslandi, Finnland, Litháen og Eistlandi auk samanburðaryrkja sem reynst hafa vel á norðurslóð. Á hverjum stað var sameiginlegur kjarni stofna en heildarfjöldinn var misjafn eftir stöðum. Markmiðið er að rannsaka ræktunarhæfni þessara stofna á Norðurlöndunum og finna áhugaverðan efnivið fyrir frekari kynbætur.

Á Korpu var sáð 180 stofnum auk 5 samanburðaryrkja í tveimur endurtekningum þann 9. júlí 2014, alls í 400 reiti. Áburður við sáningu var 50 kg N/ha, 20 kg P/ha og 58 kg K/ha.

2016 var borið á tilraunina 6. maí, 100 kg N/ha og 50 kg N/ha eftir fyrri slátt 6. júní, hvort tveggja í 15N-6,5P-12K.

Þann 7. júní voru reitir metnir og höfðu þá margir reitir látið verulega á sjá af kali og fór það bæði eftir stofnum en einnig staðsetningu í tilraunalandinu. Var tæpur fjórðungur reita metinn ónýtur og 300 reitir með 167 stofnum voru slegnir samkvæmt áætlun. Reitir voru slegnir 4. júlí og 22. ágúst.

2017 var borið á tilraunina 5. maí, 100 kg N/ha og 50 kg N/ha eftir fyrri slátt þann 6. júlí, hvort tveggja í 15N-6,5P-12K.

Þekja var metin 8. júní. Ekki reyndi á vetrarþol eins og árið á undan og alls voru slegnir 309 reitir í 170 stofnum. Fyrsti sláttur var tekinn 29. júní og seinni sláttur 16. ágúst. Þetta var lokaár tilraunarinnar. Heildarniðurstöður verkefnisins verða birtar á öðrum vettvangi.

Náttúruúrval í breiðum erfðagrundi vallarrýgresis,

frærækt Korpu og Möðruvöllum (948-16).

Bóroddur Sveinsson

Tilraun nr. 948-16.

Þetta er hluti af sama norræna PPP verkefninu sem er kynnt undir tilraunanúmerinu 948-12. Sáð var í frættókureiti af vallarrýgresi með það markmið að ná lífvænlegu fræi á komandi sumrum, sem yrði þá undirstaðan fyrir ný norðlæg yrki í vallarrýgresi.

Á Möðruvöllum var sáð í 200 fermetra reit á s.k. Tjarnarspildu þann 11. maí 2016. Fræreiturinn var

hreinsaður af arfa 10. ágúst og þá var rýgresið komið með góða þekju fyrir veturinn.

Á Korpu var einnig sáð í um 200 fermetra reit þann 8. júlí 2016 og um haustið leit reiturinn vel út með góða þekju.

Báðir reitir komu alheilir undan vetri 2017. Á Möðruvöllum var borið á sem svarar 100 kg N í 20-4-



Rýgresisreiturnin á Möðruvöllum 7. júní 2017.

8 5. maí, slegið 20. júlí og aftur í byrjun september. Á Korpu var borið á 17. maí sem svarar 100 kg N í 15-7-12, slegið 13. júlí og aftur í byrjun september.

Yrkjaprófanir á Korpu og Raufarfelli og Yrkjaprófanir á Korpu, Möðruvöllum og Stóra-Ármóti (925-12)

Guðni Þorvaldsson

Tilraun nr. 925-12 og tilraun nr. 925-14.

Niðurstöður þessara tilrauna fyrir öll tilraunaárin munu

birtast í riti LbhÍ nr. 101 sem er í vinnslu og kemur út í vor þegar lokamati á tilraununum er lokið.

Yrki af vallarfoxgrasi við tvo mismunandi sláttutíma, Hvanneyri (925-17)

Guðni Þorvaldsson

Tilraun nr. 925-17.

Tilraunin er á mýrartúni (Skessu) skammt frá Ásgarði á Hvanneyri. Rúmþyngd jarðvegs er 0,42 og sýrustig 5,6. Þann 19. júní var 19 yrkjum af vallarfoxgrasi sáð í 6 endurtekningum. Auk þess voru tveir tilraunaliðir með blöndu af vallarfoxgrasyrkjum. Reitastærð er 10 m². Áburður sáðárið var 60 kg N í 15-7-12. Fræið spíraði vel en illgresi spillti aðeins fyrir. Grasið var

slegið tvisvar yfir sumarið til að losna við illgresið. Þekja sáðgresis var metin seinni part sumars og var í flestum reitum ágæt.

Ætlunin er að vera með tvo sláttutíma í fyrri slætti (3 endurtekningar í hvorum) en slá alla reiti á sama tíma í seinni slætti. Fyrri sláttutíminn verður þegar skrið er að hefjast en sá síðari 10 dögum síðar.

Tegundir og yrki, Gunnarsholti (925-17)

Guðni Þorvaldsson

Tilraun nr. 925-17. Tegundir og yrki, Gunnarsholt.

Tilraunin er á sendnum jarðvegi nokkra km suðvestur af bænum í Gunnarsholti. Rúmþyngd jarðvegs er 1,14 og sýrustig 6,2. Sáð var í tilraunina 22. júní. Reitastærð er 5 m² og endurtekningar 2. Ekki er ætlunin að mæla uppskeru í tilrauninni heldur fylgjast með lifun grasanna. Borið verður á reitina árlega og þeir slegnir

tvisvar. Þekja sáðgresis var metin í einstökum reitum 15.9.2017 og var hún yfirleitt ágæt.

Í tilrauninni eru 17 yrki af vallarfoxgrasi (mörg þau sömu og á Hvanneyri), 2 yrki af hávingli, 2 af axhnoðapunti, 2 af tágavingli og 2 af vallarrýgresi.

TRÉ OG RUNNAR

Yndisgróður, garð- og landslagsplöntur fyrir íslenskar aðstæður

Samson Bjarnar Harðarson

Þriðji áfangi verkefnisins Yndisgróður hófst vorið 2017. Meginmarkmið verkefnisins er í grunninn það sama og í upphafi, að finna hentugar garð- og landslagsplöntur fyrir íslenskar aðstæður og miðla upplýsingum um þær. Í þriðja áfanganum er aðaláhersla lögð á að rannsaka sérstaklega flokka garð- og landslagsplantna sem lítið hefur verið unnið með áður; fjölærar jurtir og borgartré auk þess að koma á markað úrvalsyrkjum sem var meginmarkið annars áfanga. Nýr starfsmaður, Hlíf Böðvarsdóttir var ráðinn 8. júní og sinnir hún störfum fyrir Yndisgróður í hálfu starfi á mótí umhírðu á lóðum Landbúnaðarháskólans, aðallega á Hvanneyri. Unnið var eftir markmiðum verkefnisins og verður hér farið yfir það sem unnist hefur á árinu.



Hlíf Böðvarsdóttir gróðursetur fjölæringa í nýtt beð á Hvanneyri

Umhírðu við söfnin var viðhaldið s.s. klipping/grisjun, illgresishreinsun og áburðargjöf. Merkingar fyrir plöntur á Blönduósi, Reykjum og Fossvogi eru til staðar og verið að yfirfara og uppfæra þær. Á Hvanneyri var komið upp merkingum og upplýsingaskiltum fyrir plöntur í safninu. QR kóta var komið fyrir á nýju

skiltunum sem vísar beint á teikningar af viðkomandi garði á heimsíðu Yndisgróðurs. Ríflega 350 plöntum af um 60 tegundum og 80 yrkjum var bætt söfnin, bæði þar sem þörf var á og í ný beð. Eru nú um 4.000 plöntur (um 600 yrki af 300 tegundum) í gördum Yndisgróðurs. Felstar plönturnar sem bættust við voru fjölæringar sem för í ný beð á Hvanneyri og í núverandi fjölæringabeð í Fossvogi. Stór hluti þessara plantna eru fjölæringar og skrautgrös sem flutt eru inn í samstarfi við gróðrastöðina Mörk og Yndisgróður fær til prófunar. Mörg þessara yrkja hafa lítið verið reynd hér á landi.

Á lóð Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er verið að koma upp trjásafni en einnig er markvisst verið að nota fjölærar plöntur og þannig lagður grunnur að frekari rannsóknum á trjám og fjölærum plöntum í samvinnu við skólann. Markmiðið er að Hvanneyri geti orðið eins konar fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög eða stofnanir varðandi gróðurnotkun.

Myndir voru teknar af víðsafninu á Hvanneyri. Plönturnar eru að koma til og gert er ráð fyrir að mæla og taka það út næsta sumar (lokið var við gróðursetningu í það sumarið 2016).

Í nóvemberbyrjun var farið í fræsöfnunarferð um Suðurland með skógræktarmönnum frá gróðrastöðinni Þöll og í október 2017 fór verkefnisstjóri í trjásafnið í Mustilla í Finnlandi þar sem safnað var fræjum af um 150 trjátegundum og mynduð góð sambönd. Auk þess hefur verið lagður grunnur að samstarfi við aðila í sambærilegum verkefnum í nágrennalöndunum. Verkefnisstjóri er virkur samstarfsaðili í Nordic Arboretum committee og fulltrúi Íslands í Nordgen, working group for fruit, berries and ornamentals.



Í Múlakoti. Fræsöfununarferð um Suðurland með skógræktarmönnum frá gróðrarstöðinni Þöll.

Í ágúst var skrifað undir samning við Akureyrarbæ um nýjan garð/klónasafn í Kjarna í Eyjafirði. Unnið hefur verið að hönnun og skipulagi garðsins og er gert ráð fyrir að hefja gróðursetningu sumarið 2018.



Merkingar eru nú við öll beð á Hvanneyri

Nokkur hluti plantna í safninu er farinn að skila niðurstöðum um gildi þeirra sem garð- og landslagsplöntur og hefur verið unnið að því að koma verðmætum plöntum á markað. Meðmælalisti YG hefur nú að geyma upplýsingar um rúmlega 200 yrki sem metin eru verðmæt samkvæmt viðmiðum YG og gerður var nýr meðmælalisti fyrir fjölæringa, sjá <http://yndisgrodur.lbhi.is/pages/2783>.

Verið er að flokka þau plöntuyrki sem er að finna á gördum Yndisgróðurs út frá 3 viðmiðum og miðast umfang rannsókna á plöntunum út frá því hvaða flokk þær falla í:

Yrki sem virðast harðger og með gildi sem góðar garðplöntur en eru ekki í almennri ræktun, hér undir eru jafnframt nokkuð af erlendum yrkjum – megin áhersla á rannsóknir á þessum hópi plantna.

Yrki sem hafa sannað gildi sitt eða eru þekkt og víða í ræktun – eingöngu fylgst með framvindu og heilbrigði.

Ekki nægjanlega harðger eða lítið gildi sem garðplöntur – vöktun í lágmarki.

Úrvalsyrki sem valin hafa verið til framleiðslu er komið á framfæri m.a. með því að útbúa almennar lýsingar sem eru aðgengilegar á heimasíðunni. Á árinu voru valin tvö úrvalsyrki, fjölæringur (ilmgresi 'Stemma') og lítið tré (kínareynir 'Bjartur'). Hafa nú alls verið valin 21 yrki sem flest öll eru komin á markað.



Stýrihópur Yndisgróðurs á Hvanneyri í september 2017. Birkikvistur 'Gauti' í forgrunni.

Yrkisnefnd kom saman 2x á Keldnaholti síðastliðið vor þar sem unnið var að því að móta skýrari verklagsreglur við val á úrvalsplöntum og öðru mati á plöntum í safninu út frá gildi þeirra. Fjallað var sérstaklega um nokkur yrki þ.á.m. yrki sem unnið hafði verið með frá því haustið áður og tekin ákvörðun um stöðu þeirra. Stýrihópur YG kom saman á Hvanneyri í september og skoðaði hvað gert hefur verið bæði í yndisgarðinum og á lóð Landbúnaðarháskólans. Auk þess var farið yfir starfseminu og framtíðarstefnu verkefnisins.

Framleiðendum var boðið að koma og taka græðlinga af móðurplöntum á Reykjum í júlí og var það vel sótt. Leiðsögn um garðana og opnir dagar voru á Hvanneyrarhátíð og á fræðsludegi Kópavogsbæjar og Garðyrkjufélagsins. Einnig var garðurinn í Fossvogi heimsóttur á rósakynningu og í haustlitaferð á vegum ofangreindra aðila.

Efni á heimasíðu og Facebooksíðu YG var viðhaldið og þannig miðlað fréttum og fróðleik tengt starfsemi til almennings og áhugafólks. Gagnagrunnur Yndisgróðurs geymir upplýsingar um tæplega 1000

yrki af 400 tegundum. Upplýsingum um mikilvægar plöntur er miðað með plöntuleit um heimasíðuna. Innihald heimasíðunar og gagnagrunnsins standa fyrir sínu en tækninni fleytir fram og kerfin standast ekki lengur nútímakröfur. Til að tryggja að þær mikilvægu upplýsingar sem aflað hefur verið í verkefinu glattist ekki og verði miðlað áfram hefur verið leitað leiða til að endurnýja heimasíðuna og gagnagrunninn. Stefnt er að því að afla fjármuna og koma því í framkvæmd á yfirstandandi ári.

Skjólbelti framtíðar

Samson Bjarnar Harðarson

Annar áfangi verkefnisins „Plöntur fyrir skjólbelti framtíðar - plöntuval og samsetning í belti“ hófst vorið 2017 og byggir á fyrra verkefni (2013-2016) og undirbúningsverkefni (2016-2017) um að auka þekkingu og notkun á skjólbeltum með fjölbreyttu tegundavali. Einnig byggir verkefnið á niðurstöðum og reynslu úr Yndisgróður verkefni Landbúnaðarháskóla Íslands. Meginmarkmiðið er í grunninn það sama og í fyrsta áfanga verkefnisins, að finna bestu hentugu skjólbeltaplöntur sem völ er á fyrir íslenskar aðstæður, gera fyrirmyndarskjólbelti og miðla upplýsingum um tegundir og fyrirkomulag. Í öðrum áfanga er unnið með skógræktinni að því að koma upp koma upp 2-3 skjólbeltum í hverjum landshluta í samvinnu við bændur. Þessi belti nýtast sem tilrauna- og sýniskjólbelti. Markmiðið er komast að því hvaða plöntusamsetningu hentar best á hverjum stað. miðla



Tilraunaskjólbeltið við Grásteinsmýri á Hvanneyri í ágúst 2018

upplýsingum um það og þróa hagkvæmar leiðir til að rækta upp mismunandi plöntugerðir til gróðursetningar. Beltin sem komið verður upp gegna lykilhlutverki sem fyrirmynd fyrir áframhaldandi uppbyggingu skjólbelta.

Fylgst var með framvindu þeirra belta sem komið hefur verið upp á vegum verkefnisins, ljósmyndir teknar, lifun skráð og bætt í beltin þar sem höfðu orðið afföll. Sýniskjólbeltið á Hvanneyri var merkt með upplýsingaskilti og QR kóta sem veitir beinan aðgang að upplýsingum á heimasíðu verkefnisins. Í maí var birt grein í Bændablaðinu um skjólbelti og er upplýsingum um verkefnið áfram miðlað um vefsíðu Yndisgróðurs.

Samningar sem Skógræktin hefur við bændur um ræktun skjólbelta er nýttur til að koma upp tengslum og útvega samstarfsaðila og land fyrir tilrauna- og sýniskjólbelti. Skógræktarráðgjafar á hverjum stað munu sjá um að koma upp skjólbeltum með bændum en verið er að rækta upp nokkuð af plöntum hjá Skógræktinni til að nota í beltin, m.a. plöntur sem ekki eru í almennri framleiðslu. Plöntuval og samsetning bletanna var skipulögð af Lbhí. Skógræktin er að þróa mismunandi plöntugerðir og hvernig skuli staðið að ræktun þeirra með það að markmiði að koma upp nýjum aðferðum við að rækta ákveðnar tegundir á hagkvæmari hátt en tíðkast hefur. Verður þetta ár því að mestu nýtt í að og þróa hentugar plöntugerðir og útvega plöntur til gróðursetningar. Ekki er raunhæft að hefja gróðursetningu fyrir en í fyrsta lagi haustið 2018.

Skjólbelti með vegum

Samson Bjarnar Harðarson

Verkefninu lýkur í ársbyrjun 2018 með útgáfu lokaskýrslu þar sem lögð er fram tillaga að skjólbelti meðfram vindasömum stöðum við þjóðveginn þar sem jarðvegur er rýr og skilyrði til ræktunar geta verið erfið. Meginmarkmið verkefnisins var að þróa gerðir skjólbelta (þ.e. plöntuval, samsetningu og harðgeri m.t.t. veðurfars og jarðvegs) sem má gróðursetja meðfram vegum í þeim tilgangi að auka skjól, safna snjó og draga úr neikvæðum áhrifum vega á umhverfið.



Skjólbelti á Esjumelum og Kjalarnesi voru tekin út m.t.t. snjósöfnunar.

Einblínt var á vindasama staði á Vesturlandi, aðstæður greindar og núverandi skjólbelti á Kjalarnesi, Esjumelum og undir Hafnarfjalli tekin út. Reynsla annarsstaðar frá var skoðuð (mest frá Noregi, USA og Kanada) og heimildum um skjólbelti meðfram vegum var safnað. Uppbygging beltanna byggir í grunninn á samsetningu sem þróuð hefur verið í verkefninu skjólbelti framtíðar en þarf þó að aðlaga að rýru landi. Plöntuval byggir á niðurstöðum úr Yndisgróður verkefninu. Reynsla af skjólbeltum með vegum hér á landi er mjög takmörkuð og svo til ekkert til af rannsóknum því tengdu (t.d um áhrif skjóls frá lifandi beltum og um snjósöfnun við vegi). Í ljósi þess væri mjög lærdómsríkt að koma upp tilraunabelti og voru möguleikar á því kannaðir. Slíkt þarf þó að gerast í góðri samvinnu við bæði veghaldara og landeigendur þar sem skjólbeltin þurfa að standa utan veghelgunarsvæðis og vegsvæðis Vegagerðarinnar.